

MAGNÚS SIGURÐSSON  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

*Verstehen und Übersetzen.*  
*Ein Lehr- und Arbeitsbuch*  
eftir Paul Kußmaul

2. uppfærð útgáfa. Tübingen: Narr, 2010

Árið 1982 kom út í Þýskalandi bókinn *Strategie der Übersetzung* eftir þá Hans G. Hönic og Paul Kußmaul (Hönic og Kußmaul 1982) sem báðir kenndu þýðingar við háskólann í Mainz/Germersheim. Segja má að sú bók, sem einkum var hugsuð sem kennslu- og æfingabók fyrir háskólanema í þýðingum, hafi markað viss þáttaskil í því að gera meginhugmyndir svokallaðrar hlutverks- eða skoposkenningar í þýðingafræði<sup>1</sup> aðgengilegar öðrum en fræðimönnum og jafnframt sýna fram á hvernig beita má kenningunni á hversdagsleg viðfangsefni þýðandans. Eftir útkomu bókarinnar skrifuðu þeir félagar fjölda greina og nokkrar bækur þar sem þeir útvíkkuðu hugmyndir sínar og útfærðu þær nánar. Hans G. Hönic lést árið 2004 en Paul Kußmaul, sem fór á eftirlaun árið 2005, hefur ótrauður haldið áfram ritstörfum.

Bókin *Verstehen und Übersetzen* kom fyrst út árið 2007 og getur á vissan hátt talist framhald af *Strategie der Übersetzung* þar eð höfundurinn hnykkir á ýmsum grunnhugmyndum þeirrar bókar. Aðaláherslan er hér þó á nánari lýsingu á þýðingarferlinu, bæði skilningsferlinu, þ.e. viðleitninni til að skilja frumtextann, og orðunarferlinu sem svo mætti kalla, er lýtur að því að færa inntak frumtextans í orð á markmálinu, og leitar höfundur óspart í smiðju

1 Megininntak skoposkenningarinnar (gr. *skopos* = tilgangur) er í stuttu máli það að tilgangur eða hlutverk þýðingartextans (markttextans) sé mikilvægasta leiðarljós þýðandans og skuli öll önnur sjónarmið undirskipuð því. Hlutverk markttextans þarf ekki að vera það sama og hlutverk frumtextans en getur verið það. Grundvallarrit þessarar stefnu er Reiß og Vermeer 1984 en þeim sem vilja fá yfirsýn yfir kjarnahugmyndir hennar er bent á Prunč 2012: 152–167. Sjá einnig mjög knappt yfirlit hjá Gauta Kristmannssyni 2010.

nýrri kenninga í merkingarfræði hugmyndum sínum til stuðnings. Framsetning og uppbygging bókarinnar minnir mjög á *Strategie der Übersetzung* enda markhópurinn hinn sami, háskólanemar í þýðingum. Kußmaul gerir sér far um að skrifa á tiltölulega auðskildu máli, þótt traudla verði sagt að hann forðist að nota fræðiheiti, og í lok hvers kafla er að finna verkefni þar sem reynir bæði á skilning á helstu efnisatriðum kaflans og færnina til að beita þeim hugmyndum og aðferðum, sem í þeim felast, á raunhæf viðfangsefni. Í bókarlok setur höfundur fram tillögur að lausnum við verkefnunum. Þær hafa ekki aðeins að geyma ítarlegar útskýringar og rökstuðning við þær þýðingar sem Kußmaul telur álitlegastar, heldur einatt einnig vangaveltur um aðra þýðingarmöguleika, kosti þeirra og galla. Fyrir vikið finnur lesandi bókarinnar hér ósjaldan umfjöllun um þýðingarvalkosti sem honum höfðu sjálfum dottið í hug þegar hann spreytti sig á verkefnunum.

Dæmi í bókinni eru öll úr þýðingum af ensku á þýsku en lærdóm þann, sem af þeim má draga, getur lesandinn yfirleitt auðveldlega yfirfært á önnur tungumál. Dæmin eru einkum úr þremur textategundum: alþýðlegum fræðitextum, bókmenntatextum í prósaformi og félagsvísindalegum könnunum. Mikið fer fyrir síðastnefndu textategundinni og rökstyður Kußmaul það með því að slíkir textar séu oft mun erfiðari viðureignar en þeir virðast vera við fyrstu sýn, m.a. vegna þeirrar aðlögunar að markmenningunni<sup>2</sup> sem nauðsynleg sé ef kannanirnar eigi að þjóna hlutverki sínu og raunverulega kanna það sem þeim er ætlað – en menningarleg aðlögun og hlutverksmiðun marktans eru einmitt meðal lykilatriðanna í hugmyndaheimi Kußmauls.

Óhætt er að segja að höfundur komi víða við í bók sinni og að hún hafi að geyma gnægt hugmynda og aðferða sem þýðendur gætu nýtt sér í starfi sínu. Hér verður farin sú leið að gera stuttlega grein fyrir tveimur af meginhugmyndum bókarinnar (um nauðsynlega nákvæmni þýðinga og notkun hugrænna mynda á grunni merkingarfræðilegra kenninga) auk þess sem drepíð verður á fáein atriði til viðbótar sem bókarkynninum þykja sérlega hagnýt eða áhuga-verð. Margt verður að liggja óbætt hjá garði.

2 Rétt er að vekja athygli á því að hér, rétt eins og í svo mörgum ritum um þýðingfræði, er orðið „menning“ notað í mjög víðri merkingu sem nær m.a. yfir lands- og samfélagsþætti og sögulega arfleifð. Lýsingarorðið „menningarlegur“ ber hér að túlka í sömu veru.

Ein þeirra spurninga, sem þýðendur standa æ ofan í æ frammí fyrir, er hversu nákvæmlega skuli þýða. Þekkt er að markttextum hættir til að verða lengri en frumtextarnir vegna þess að þýðendurnir leitast við að láta sem minnstar upplýsingar glatast í þýðingunni og telja því þörf á að markttextinn innihaldi skýrt og skorinort ýmislegt það sem frumtextinn tjáir með óbeinum hætti. Það felst ekki eingöngu í útskýringum á landfræðilegum og menningar-tengdum fyrirbærum, heldur t.d. einnig í skýringu óbeinna rök-tengsla í frumtextanum og þeirri viðleitni að fanga ýmis merking-arblæbrigði með aukaordum.

Merkasta framlag þeirra Hönigs og Kußmauls til þýðingafræðinnar er sennilega það sem þeir kalla *Strategie des notwendigen Differenzierungsgrades* (í hrárrí þýðingu: „aðferð hins nauðsynlega nákvæmnisstigs“) og er hugsað sem svar við ofanefndri spurningu. Kjarninn í þessari aðferð eða meginreglu er að sú nákvæmni þýðingarinnar, sem nauðsynleg er á tilteknum stað í texta („textastað“), ráðist af hlutverki eða tilgangi textastaðarins (sem reyndar sé ætíð undirskipaður almennum tilgangi textans í heild sinni). Til að greina þetta hlutverk þurfi að rýna vel bæði í textann sjálfan, ekki síst textasamhengið (þ.e. allt „umhverfi“ viðkomandi textastaðar), og það menningarlega baksvið sem textinn er sprottinn úr. Á grunni þessarar hlutverksgreiningar á textanum annars vegar og hugmynda sinna um þekkingu og þarfir markhópsins (þ.e. lesenda markttextans) hins vegar velji þýðandinn svo orðalag fyrir markttextann sem sé nógu nákvæmt til þess að miðla tilgangi textastaðarins til markhópsins. Upplýsingar í markttextanum, sem eru umfram það sem nægir til að textastaðurinn þjóni tilgangi sínum, eru óþarfar (myndu leiða til þess að þýðingin yrði ofurnákvæm, *iiberdifferenziert*); upplýsingum, sem einungis eru fólgnar óbeint í frumtextanum, getur hins vegar þurft að bæta inn í markttextann svo að hann ræki hlutverk sitt (öðrum kosti yrði þýðingin of ónákvæm, *unterdifferenziert*).

Kußmaul skýrir þessa meginreglu m.a. með eftirfarandi dæmum (sem einnig voru notuð í Hönig og Kußmaul 1982): Í tveimur enskum textum koma fyrir heiti skólanna Eton annars vegar og Winchester hins vegar (án frekari útskýringa). Báðir skólarnir falla undir hugtakið *public school* sem nær yfir fáeina gamalgróna og rándýra elítu-einkaskóla í Bretlandi – þetta er hið menningarlega bak-

svið heitanna. Út frá textasamhenginu gerir Kußmaul síðan þá greiningu á hlutverki textastaðanna að í Winchester-textanum skipti mestu máli að skólinn er ætlaður útvöldum nemendum en í Eton-textanum að skólagjöldin eru svimandi há. Þar af leiðandi telur hann nógu nákvæmt að „þýða“ Winchester (hér í lauslegri íslenskri þýðingu) sem „einn ensku elítuskólanna“ og Eton sem „einn dýru einkaskólanna“. Hann telur hins vegar að fyrir marga þýska lesendur sé ónákvæmt að nota heiti skólanna án skýringa eins og í frumtextanum þar sem þá skorti nauðsynlega bakgrunnsþekkingu til að setja heiti skólanna í rétt samhengi (en samkvæmt kenningum skoposliða ráðast slík atriði af textategund og markhópi hverju sinni). Aftur á móti álfur hann það ofurnákvæmni að flétta inn í textann ýmsum frekari upplýsingum um *public schools*, nánast í anda alfræðiorðabóka, þar eð upplýsingaofgnótt af þeim toga beini sjónum lesandans frá þeim afmörkuðu atriðum sem máli skipta og þar með frá hlutverkum textastaðanna. Það vekur reyndar athygli lesandans að Kußmaul ræðir ekki sérstaklega þann valkost að halda heitum skólanna inni í marktöxanum en bæta við þau nánari skýringum í anda eða jafnvel óbreyttu formi þeirra þýðinga sem hann aðhyllist og fram koma hér að ofan – en þá yrðu lausnirnar „Winchester, einn ensku elítuskólanna“ og „Eton, einn dýru einkaskólanna“.

Kußmaul tekur fram að meginreglu þeirra félaga um nægilega nákvæmni megi ekki einvörðungu beita á menningarbundin orð þar sem hið menningarlega baksvið er þungvægt. Í almennari gerð mætti orða regluna sem svo að iðulega sé alls ekki nauðsynlegt að koma öllu merkingarumfangi orðs (eða annarrar þýðingareiningar frumtextans) til skila, heldur sé nægilegt að í marktöxanum komi fram þeir merkingarþættir sem (samkvæmt hlutverks- eða tilgangsgreiningu á grunni textasamhengisins) eru í fyrirrúmi á viðkomandi stað.<sup>3</sup>

Það sem öðru fremur einkennir efnisumfjöllunina í *Verstehen und Übersetzen* er í hversu ríkum mæli höfundur styðst við nýrri kenningar í merkingarfræði, nánar tiltekið frummyndamerkingarfræði („prótótýpumerkingarfræði“) annars vegar og „scenes and frames“-merkingarfræði hins vegar en þær falla báðar undir hugræna merkingarfræði.

3 Kussmaul bendir á að þetta komi fyllilega heim og saman við rannsóknir í sálfræðilegum málvísindum.

Meginhugmynd frummyndamerkingarfræðinnar er sú að í mörgum tilvikum sé ekki nærtækast að lýsa merkingu orða sem klipptum og skornum stærðum með því að telja upp aðgreinandi merkingarþætti eins og kerfismerkingarfræðin gerir ráð fyrir, heldur sé eðlilegra að gera ráð fyrir að merkingin spanni vissa kjarnaþætti (sem ekki þurfa allir að eiga við samtímis í hvert sinn sem orðið er notað) en sé svo „óskýr“ á jöðrunum. Þessir kjarnaþættir merkingarinnar eru algeng og dæmigerð merkingareinkenni viðkomandi orðs eða hugtaks. Þannig eru t.d. fjögur dæmigerð einkenni bolla þau að þeir eru ílát, að þeir eru ætlaðir til þess að drukkið sé úr þeim, að hlutfallið milli hæðar þeirrar og breiddar er nálægt því að vera 1:1 og að þeir eru með höldu. „Frummynd bollans“ hefur öll þessi einkenni en ýmis ílát teljast bollar þótt þau uppfylli ekki skilyrðin um öll þessi fjögur einkenni samkvæmt Schwarz og Chur (1993: 48–49) sem vitna í rannsókn Bandaríkjamannsins Williams Labovs á merkingu orðsins *cup*. Gerð hefur verið hliðstæð könnun á merkingu íslenska orðins *bolli* (Höskuldur Þráinsson 1979).

„Scenes and frames“-merkingarfræðin, sem jafnan er kennd við Bandaríkjamanninn Charles Fillmore, byggist síðan á frummynda-merkingarfræðinni. Nafn sitt dregur sú fyrrnefnda af þeirri hugmynd að víxlverkun sé á milli orða í texta („ramma“, e. *frames*) og þeirra ímynda sem þau kalla fram í huga okkar og byggjast á einstaklingsbundnum upplifunum okkar og reynslu – prótótýpískra „sviðsmynda“ (e. *scenes*)<sup>4</sup> sem við geymum í minni okkar og segja má að séu fyrir okkur merkingar viðkomandi orða.<sup>5</sup>

Hvernig vill Kuðmaul svo nýta þessar kenningar í þágu þýðingarferlisins? Hann leggur áherslu á að þegar þýtt er liggi leiðin í huga þýðandans ekki millilíðalaust frá orðum (eða öðrum þýðingar-

4 Orðið „sviðsmynd“ er hér notað eingöngu sem bráðabirgðapýðing á fræðiheitinu *scene* og þar með hvorki í hefðbundinni merkingu sinni né sem þýðing á orðinu *scenario* (eins og nokkuð hefur tíðkast hin síðari ár).

5 Hér og héðan í frá er fylgt þeirri framsetningu á kenningum Fillmores sem einkennir skrif Kuðmauls og annarra þýskra fulltrúa hlutverkskenningarinnar á borð við Hans J. Vermeer en þeir nýta kenningarnar öðru fremur í þágu hagnýtra markmiða þýðingfræðinnar. Þeim sem vel þekkja til skrifna Fillmores kunna að þykja þessar lýsingar fela í sér verulega einföldun eða jafnvel vissa rangtúlkun á kenningum hans og lykilhugtökum. Kuðmaul er fyllilega meðvitaður um þetta og gerir nokkrar atlögur að víðari skilgreiningu hugtakanna *frame* og *scene* þegar hann kynnir þau til sögunnar en hallar sér svo æ meir að einfaldaðri (og auðskildari) notkun þeirra þegar fram í sækir og meira reynir á að beita þeim á hagnýt viðfangsefni.

einingum) frumtextans til orða þýðingarinnar (og núna horfum við meðvitað fram hjá þeirri lykilstöðu sem hlutverk markttextans hefur í skoposkenningunni), heldur liggi leiðin um þær hugrænu myndir eða „sviðsmyndir“ sem orð frumtextans kalla fram. Kúnstin sé sem sagt sú að láta orð frumtextans kalla fram dæmigerðar sviðsmyndir í huga sér og finna svo orðalag í þýðingarmálinu sem kallar fram sambærilegar sviðsmyndir:

þýðingareining frumtexta → hugræn „sviðsmynd“ → þýðingareining markttexta

Við þetta ferli eru síðan ýmis tilbrigði sem Kußmaul rekur skilmerkilega í köflum 6 og 7 en ekki er svigrúm til að nefna nema eitt þeirra hér. Það felst í því að þeim tiltekna kjarnaþætti ákveðinnar sviðsmyndar sem færður er í orð í frumtextanum er skipt út fyrir annan jafndæmigerðan kjarnaþátt sömu sviðsmyndar í marktextanum.<sup>6</sup> Þá er auðvitað ekki lengur um beina eða orðréttu þýðingu að ræða en það þarf samkvæmt höfundinum síður en svo að koma að sök þar eð orð markttextans kalli eftir sem áður fram rétta sviðsmynd og þjóni þar með tilgangi sínum. Kußmaul er afar jákvæður gagnvart þýðingum af þessum toga sem og almennt hvers kyns þýðingum þar sem þýðandanum tekst að komast hjá því að festa sig í orðalagi frumtextans en skiptir þess í stað um sjónarhorn – beitir „hliðlægri“ (þ. og e. *lateral*) hugsun – til þess að finna annars konar lausn.<sup>7</sup> Fyrir Kußmaul er þetta aðalsmerki „frjórra“ eða „skapandi“

6 Mikilvægt er að hið víða hugtak „sviðsmynd“ getur náð yfir býsna almennar aðstæður með öllum þeim þáttakendum, „hlutum“, athöfnum og tilfinningum sem þeim fylgja. Því getur ein tiltekin sviðsmynd samanstaðið af verulegum fjölda kjarnaþátta. Rétt er að taka einnig fram að hér geta vitaskuld fleiri skilningarvit en sjónskynið eitt komið við sögu enda næsta augljóst að hljóð, lykt, bragð og snertitilfinning skipa ríkan sess í fjölmörgum sviðsmyndum.

7 Öll efnisumfjöllun Kußmauls – einkum dæmi, verkefni og lausnir – ber því órækt vitni að hann er lítilt aðdáandi beinna eða orðréttu þýðinga, heldur vill beina sjónum lesenda að frumlegum eða skapandi lausnum sem fela í sér greinileg frávik frá orðalagi frumtextans. Þetta er að því leyti til skiljanlegt að mjög mörg mistök þeirra sem eru að stíga sín fyrstu spor í þýðingum má rekja til óhöflegar fylgispektar við orðalag frumtextans sem síðan leiðir til óeðlilegs eða óviðeigandi orðalags í marktexta. Áhersla Kußmauls á skapandi þýðingarlausnir er hins vegar dálítið einhliða þar eð fremur lítið fer fyrir þeim sjálfsagða fyrirvara að auðvitað sé nánast orðrétt þýðing víða fullgild eða jafnvel ákjósanleg lausn. Fyrir vikið gæti lesandi, sem ekki hefur tileinkað sér víðara sjónarhorn, dregið þá ályktun af umfjöllun Kußmauls að nokkurn veginn orðrétt þýðing sé sjaldan góður kostur eða alltént yfirleitt síðri en lausnir sem hafa augljóslega eitthvað nýtt að geyma í samanburði við frumtextann – en slík ályktun hlýtur að minnsta kosti að orka tvímælis sem meginregla.

þýðinga og færni sem beinlínis ætti að þjálfa upp í menntun þýðenda.

Í þessu samhengi leggur Kuðmaul áherslu á að skapandi hugsun sé ósköp eðlilegt ferli sem að vissu marki sé unnt að leysa úr læðingi með ákveðnum aðferðum. Hann ráðleggur þýðinganeinum m.a. að takast á við erfiðan textastað með því að telja upp fyrir sjálfum sér einstaka kjarnaþætti þeirrar sviðsmyndar sem staðurinn felur í sér og nota þá sem upphafspunkt í leit að lausn (án þess að festa sig í þeim þáttum sem birtast í orðalagi frumtextans). Þá má annaðhvort færa staka sviðsmyndaþætti milliliðalaust í orð og nota sem þýðingu eða fara óhlutstæðari leið og finna eitt orð eða orðasamband sem nær að draga saman mismunandi þætti sviðsmyndarinnar. Til þess að átta sig betur á því hver kjarnaatriði tiltekinnar sviðsmyndar eru mælir Kuðmaul með sjónsköpun (e. *visualisation*, þ. *Visualisierung*), þ.e. því að setja sér sviðsmyndina sem áþreifanlegast fyrir hugskotssjónir en leyfa jafnframt öðrum skilningarvitum að eiga hlut að máli.

Til viðbótar þeim tveimur meginhugmyndum bókarinnar sem lýst er hér að framan skal nú tæpt á fáeinum völdum efnisatriðum (mismíðlægum í umfjöllun Kuðmauls) er bókarkynni þóttu áhuga-verð og líkleg til að nýtast þeim sem leggja stund á þýðingar.

Mjög réttmæt er sú staðhæfing að einmálsorðabækur fyrir frummálið séu þýðendum á ýmsan hátt notadrýgri en tvímálaorðabækur, m.a. vegna þess að þær gera oftast skýrari grein fyrir merkingarþáttum orða (þar eð merkingarskýringar eru iðulega í formi skilgreininga) og hafa fleiri notkunardæmi að geyma. Sérlega gagnýt er sú ábending að oft megi nota skilgreiningar og dæmi einmálsorðabóka sem byrjunarstað eða hugrænan hvata fyrir orðalag þýðingar, einkum skilgreiningarnar þar sem þær kunni að innihalda orð sem nýtast beint eða óbeint í þýðingunni (sér í lagi ef hún felur í sér umorðun). Þessari tækni svipar um margt til þeirrar nýtingar á kjarnaþáttum sviðsmynda sem lýst er hér að ofan. Gallinn við tvímálaorðabækur er ekki síst sá að þær hafa oftast einvörðungu að geyma tilbúnar lausnir sem geta reynst varasamar eða ónothæfar í tilteknu samhengi. Tvímálaorðabækur eru hins vegar gagnlegar við þýðingu iðorða sem og við þær aðstæður að orðið, sem við leitum

að, kemur ekki upp í hugann en er að finna meðal jafnheitanna sem orðabókin býður upp á.<sup>8</sup>

Gagnleg fyrir byrjendur í þýðingum er einnig ábendingin um að gaumgæfa hvort þeir noti eðlilegar orðastæður („kollókasjónir“) í þýðingum sínum. Orðréttar þýðingar á orðastæðum geta hæglega leitt til ankannalegs orðalags sem engin hefð er fyrir í markmálinu. Til þess að átta sig betur á því hvaða orðastæður geta talist algengar og eðlilegar má bæði skoða notkunardæmi í einsmálsorðabókum og gera tíðnisamanburð með hjálp leitarvélar á borð við Google.<sup>9</sup>

Upplýsandi er umfjöllun Kuðmauls um aðstæður, málsnið og menningarlega aðlögun marktexta í 2. kafla. Dæmin úr skáldsögunni *Therapy* eftir David Lodge og þýskri þýðingu hennar sýna með skýrum hætti að þótt hlutverk textans sé hið sama á frum- og markmálinu geta menningar- og málhefðir hlutaðeigandi landa eða málsvæða kallað á býsna ólíkt orðaval í frumtexta og þýðingu eins og m.a. kemur fram í þýðingu blóts- og skammaryrða.

Í 5. kafla bókarinnar gerir Kuðmaul grein fyrir ýmiss konar at-hugunum á þýðingarferlinu sem eiga að gefa vísbendingar um hvað einkenni vinnubrögð góðra þýðenda og þar með hvaða aðferðir eða meginreglur séu vænlegar til árangurs við þýðingar. Á meðal niðurstaðna er sú ráðlegging að beita sem heildrænustum aðferðum við bæði greiningu frumtextans og þýðinguna sjálfa, rýna minna í einstök orð en meira í stærri textaeiningar og merkingu textans, horfa ýmist fram eða aftur innan textans, nýta sér eigin almenna þekkingu jafnframt því sem rýnt er í textann og skoða sífellt möguleikann á umorðun. Þýðandinn þarf auk þess að vera gæddur vissu þolgæði gagnvart margræðni texta og gera sér grein fyrir því að þá þarf ávallt að túlka og að jafnvel hin besta þýðing er einungis nálgun eða málamiðlun. Loks er ein mikilvægasta ályktunin sú að aukin íhugun þýðandans (sem aftur byggist á aukinni vitund um þá erfiðleika sem mæta honum í þýðingarferlinu) leiði til betri þýð-

8 Í tengslum við þetta er gagnlegt að hafa þá ábendingu Kuðmauls í huga að ósjaldan megji spara sér uppflettingar í orðabókum eða annars konar rannsóknarvinnu með því einu að rýna betur í textann sjálfan, þ.e. skoða þær vísbendingar um réttan skilning eða rétta túlkun sem textasamhengið gefur.

9 Kuðmaul nefnir vissulega ákveðin atriði sem gæta þarf að þegar Google er notuð í þessu skyni en hefði mátt gera fleiri fyrirvara við þessa annars gagnlegu aðferð, t.d. benda á að tala sú sem kemur upp um fjölda niðurstaðna getur verið margfalt hærri en nemur raunverulegum fjölda þeirra, eins og einnig kemur í ljós þegar smellt er á niðurstöðusiðurnar þar til þær taka enda.



inga. Varla þarf að taka fram að Kuðmaul telur þessar niðurstöður ríma býsna vel við það sem hann boðar annars staðar í bókinni.

Áhugaverð er sú ábending höfundar að í þýðingu megi á tíðum nota áþreifanleg(t) dæmi þar sem í frumtexta er að finna óhlutstætt hugtak ef það geri merkinguna skýrari.

Loks skal minnst á þá skoðun Kuðmauls að mat á vægi þýðingarvillna eigi ekki að fylgja niðurnjörvuðu málvísindalegu flokkunarkerfi, heldur taka mið af því hversu alvarlegar afleiðingar villurnar hafa fyrir hlutaðeigandi textastað og jafnvel textann í heild. Að auki eigi að umbuna þýðinganeimum sérstaklega fyrir frjóar þýðingarlausnir.

Vísast munu náttúratalent á sviði þýðinga og jafnvel ýmsir leikmenn meðal lesenda þeirrar skoðunar að sums staðar sé höfundur *Verstehen und Übersetzen* öðru fremur að setja fræðilega merkimiða á hugleiðingar sem einungis endurspegli heilbrigða skynsemi. En þá verður að hafa í huga að Kuðmaul hefur áratugareynslu af kennslu þýðinga á háskólastigi og veit mætavel hvar skórinn kreppir. Hér verður því haldið fram að bókin hafi að geyma það margar góðar hugmyndir og ábendingar að flest áhugafólk um þýðingar geti lesið hana sér til nokkurs gagns.

HEIMILDIR

- Gauti Kristmannsson. 2010. „Fræðimaður þýðinga. Hans J. Vermeer 1930–2010.“ *Jón á Bægisá* 14, bls. 125–127.
- Hönig, Hans G., og Kußmaul, Paul. 1982. *Strategie der Übersetzung. Ein Lehr- und Arbeitsbuch*. Tübingen: Narr.
- Höskuldur Þráinsson. 1979. „Hvað merkir orðið bolli?“ *Íslenskt mál og almenn málfræði* 1, bls. 96–106.
- Kußmaul, Paul. 2010. *Verstehen und Übersetzen. Ein Lehr- und Arbeitsbuch*. 2. uppfærð útgáfa. Tübingen: Narr.
- Prunč, Erich. 2012. *Entwicklungslinien der Translationswissenschaft. Von den Asymmetrien der Sprachen zu den Asymmetrien der Macht*. 3. aukin og endurbætt útgáfa. Berlín: Frank & Timme.
- Reiß, Katharina, og Vermeer, Hans J. 1984. *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie*. Tübingen: Niemeyer.
- Schwarz, Monika, og Chur, Jeanette. 1993. *Semantik. Ein Arbeitsbuch*. Tübingen: Narr.